



– Alþjóðlegi staðladagurinn 14. október –

Hvaða gagn er af stöðlum?

Þegar stórt er spurt verður oft fátt um svör. Þegar ég tilkynnti heima hjá mér 14. október í fyrra að þessi dagur væri alþjóðlegi staðladagurinn, þá sagði ein dóttir mín í svona frekar hortugum tón: „Só? Og hvernig ætlarðu svosem að halda upp á daginn? Kannski með því að fara út í búð og kaupa batterí?“ Ég varð hálf hvumsa við en áttaði mig svo á því að þannig hafði ég einmitt reynt að útskýra fyrir dætrunum hvað staðlar væru og hvaða gagn þeir gerðu – að þegar vantaði ný batterí í *Game Boy*-tölvuleikinn þá væri hægt að kaupa þau í næstu búð, þótt svo tölvuleikurinn hefði verið keyptur í Belgíu en batteríin framleidd í Japan eða Singapúr, og að ástæðan fyrir því að þetta passaði saman væru alþjóðlegir staðlar.

Talandi dæmi

Ég hefði líka getað sagt þeim frá filmunum og myndavélunum, ljósaperunum og lömpunum, og að til væru staðlar um t.d. rólur og vegasólt sem eiga að minnka hættuna á að börn slasi sig. Auðvitað halda börn áfram að detta úr rólum og hrufla á sér hnén eða fá gat á hausinn, en við eigum þó að geta treyst því að rólurnar slitni ekki niður, og að með réttu undirlagi – samkvæmt stöðlum – verði hnén og hausarnir ekki eins illa úti. Börn halda líka áfram að detta á hjóli og meiða sig – en ef þau eru með hjálma sem uppfylla kröfur staðla þá er miklu minni hættu á að þau verði fyrir alvarlegum meiðslum. Og ef við leigjum okkur árabát á Laugarvatni og erum svo óheppin að hvolfa honum, þá getum við treyst því að björgunarvestin haldi



Guðrún Rögnvaldardóttir,
framkvæmdastjóri Staðlaráðs.

okkur á floti – þ.e. ef við höfum fengið vesti sem uppfylla kröfur staðla og sem hæfa okkar þyngd (hér borgar sig ekki að skrökva til um þyngdina).

Dætur mínar vita það kannski ekki, en þær gætu ekki hangið á netinu, eða skannað inn myndir sem þær teikna og prentað þær út, ef ekki væru til alþjóðlegir staðlar sem skilgreina samskipti tölvubúnaðar. Þær gætu ekki farið í hraðbanka og tekið út vasaþeningana sína, ef bankakortin uppfylltu ekki staðla. Þær gætu ekki hlustað á geisladiska, né horft á myndbönd, ef ekki væru til alþjóðlegir staðlar sem tryggja að spólan passi í tækið, eða diskurinn í spilarann eða tölvuna. Svo maður minnst nú ekki á GSM, en þar hefur sjálft fyrirbærið – farsíma-tæknin – dregið nafn af staðlinum sem lýsir

því. Hætt er við að stelpunum þætti það þunnur þrettándi ef ekkert af þessu væri til staðar.

Eins og húsverkin

Nútímaþjóðfélag getur ekki starfað án staðla. En eins og vitur kona sagði, þá er stöðlun – það að semja og nota staðla – eins og húsverkin: Ef þau eru vel unnin þá tekur enginn eftir þeim, en ef þau eru ekki vel unnin þá er það augljóst – og sérstaklega til þess tekið. Það sannar dæmið um margskonar klær og tengla, skólabókardæmi um það þegar þjóðum hefur ekki tekist að ná samkomulagi um hvaða lausn eigi að nota.

Kannski við höldum bara upp á daginn með því að kaupa nokkur batterí.

Námskeið

- 7 nóvember -

ISO 9000:2000
gæðastjórnunarstaðlarnir

Lykilatriði uppbygging
og notkun



- ÍST 150 -

Fjöldi og staðsetning tengla í íbúðarhúsnæði

Rafstaðlaráð lauk nýlega við gerð Staðalsins ÍST 150:2002 Raf- og boðlagnir fyrir íbúðarhúsnæði: Gerð, staðsetning og fjöldi tengistaða, sem gefinn var út og staðfestur af Staðlaráði 1. október. Staðallinn tiltekur lágmarksfjölda og staðsetningu tengla fyrir raf- og boðskiptalagnir í íbúðarhúsnæði. Staðallinn segir einnig til um lagnaleiðir og lágmarksstærðir tengikassa og röra fyrir lagnakerfi.

Í takt við tímann ...

ÍST 150 er meðal annars ætlaður hönnuðum, rafvirkjum, húsbýggjendum og íbúðarkaupendum. Staðallinn gerir byggingaraðilum kleift að skýra á einfaldan hátt hvernig frágangi raf- og boðkerfislagna skuli háttáð með því að vitna til þess að þær séu í samræmi við kröfur ÍST 150:2002. Staðallinn tiltekur lágmarkskröfur og þær lausnir sem lagðar eru til grundvallar gefa möguleika á hönnun sem er sambærileg eða betri. Kröfur

um staðsetningu tengla og rofa eru í takt við það sem eðlilegt hefur þótt til þessa. Búast má við að endurskoða þurfi staðallinn reglulega miðað við reynslu og breytingar sem verða á þörfum íbúa og þróun lagna og búnaðar.

... og þarfir íbúa

Með ÍST 150 er komið til móts við kröfur sem íbúðareigendur gera til lagnakerfa í nýbyggingum. Notkun staðalsins ætti að draga úr þörf fyrir dýrar breytingar eftir á og margskonar reddingar við að auka fjölda tengla og lagna í íbúðarhúsnæði. Gera má ráð fyrir óskum um sjónvarp, síma og/eða tölvu í flestum herbergjum íbúðarinnar. Því þarf að tryggja að tengimöguleiki eða lagnaleið sé fyrir hendi. Einnig þarf að sjá til þess að styrkleiki merkis fyrir t.d. sjónvarp sé viðunandi í öllum tenglum íbúðarinnar. Staðallinn kveður því á um að allar boðskiptalagnir séu miðkerfislagnir, þ.e. lagt sé sér rör frá tengiskáp í hverja dós til að koma í veg fyrir mjög mismunandi styrkleika merkis á tengistað.

Staðallinn var unninn á vegum tækni-nefndar sem skipuð var af Rafstaðlaráði. Nefndina skipuðu; Halldór Arnórsson, formaður, Sigurður Geirsson, Rúnar Backmann og Ágúst Ó. Ágústsson. Leitað var víða fanga og nefndin naut aðstoðar margra. Má þar meðal annarra nefna Hannes Siggason, Ásgrím Jónasson, Örlýg Jónatansson, Magnús Matthíasson og Sigurð Sigurðarson.

Staðallinn ÍST 150 má panta á www.stadlar.is eða í síma 520 7150.



Þörf er á fjölbreyttari lögnum í íbúðarhúsnæði en áður var.



Staðlar létta þér lífið...

... þegar þú færð þér nýjan mjaðmalið

Staðallinn ÍST EN 12563 Óvirk ígræði – Gerviliðir – Sérstakar kröfur vegna gervimjadmaliða, er einn fjölmargra staðla um ígræðanleg lækningatæki.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.